

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2018

Efni: Umsögn um mál nr. 331 um frumvarp til laga um Matvælastofnun.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Matvælastofnun, mál nr. 331, en skv. 3. gr. frumvarpsins á Matvælastofnun að starfrækja umdæmisskrifstofur sem sinna eftirlitsstörfum og ákveður ráðherra fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Skv. sömu grein á forstjóri að ákveða staðsetningu umdæmisstofa og ráða dýralækni sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) telur rangt að festa eigi í lög þá kröfu að forstöðumenn umdæmisstofa skuli vera með ákveðna tegund menntunar, s.s. í þessu tilviki dýralækna. Á það er bent að samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar á öllum að vera frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa, en þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Að mati FÍN eru engir almannahagsmunir sem krefjast þess að forstöðumenn umdæmisskrifstofa þurfi að vera dýralæknir. Það er í raun ekkert sem mælir gegn því að einstaklingar með aðra menntun s.s. matvælafræðingar, næringarfræðingar eða líffræðingar geti sinnt starfi forstöðumanns.

Fjöldmargir félagsmenn FÍN starfa innan Matvælastofnunar. Með breytingum á lögum um Matvælastofnun er verið að þrengja rétt þeirra, annarra en dýralækna, til að sinna yfirmannsstöðum innan Matvælastofnunar. FÍN telur rangt að ákveðnar stöður hjá hinu opinbera séu með lagasetningu lofaðar ákveðnum stéttum, nema að ríkir almannahagsmunir séu í húfi. Það ætti að vera mat þess, sem veitir viðkomandi stofnun forstöðu hverju sinni, að ákveða hvaða þekkingu, hæfni og aðra eiginleika æskilegt væri að starfsmaður hafi.

FÍN leggur því til breytingu á 3. mgr. frumvarpsins og að hún hljóði svo:

"Forstjóri ákveður staðsetningu umdæmisskrifstofa og ræður forstöðumann. Á umdæmisskrifstofum skal vera starfandi dýralæknir sem fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum".

Á það er bent að núverandi staða á umdæmisskrifstofum tengist því hvernig héraðsdýralækna umdæmin voru skilgreind í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Verkefni voru fyrst og fremst tengd starfsemi dýralækna. Það sem er að breytast með þessu frumvarpi er að umdæmisstofur eigi að sinna eftirlitsstörfum. Tilgangur með þessum breytingum er m.a. að auka sveigjanleika í starfsemi Matvælastofnunar og því opnar það fyrir þann möguleika að ýmis eftirlitsstarfsemi sem stofnuninni sinnir eða verður falið að sinna yrði færð undir umdæmisskrifstofurnar.

FÍN leggst því gegn því að ákveðin störf séu eyrnamerkta ákveðnum stéttum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra náttúrufræðinga



Marianna H. Helgadóttir, formaður